

108. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn föstudaginn 7. nóvember 2003, kl. 10:00 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Ólafur Áki Ragnarsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, umhverfisfræðingur og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri.

Gestur fundarins: Fannar Jónasson, viðskiptafræðingur.

Dagskrá:

1. Endurskoðun á starfsemi Sorpstöðvarinnar.

Fannar Jónasson gerði grein fyrir frumdrögum við vinnu að skýrslu um starfsemi Sorpstöðvarinnar og reifaði ýmsa möguleika varðandi framtíð fyrirtækisins. Samþykkt að Fannar taki saman minnisblöð þar sem dregin verði saman helstu atriði skýrslunnar og þau kynnt fyrir aðalfundi SASS sem haldinn verður 14. og 15. nóv. nk.

2. Fjárhagsáætlun 2004.

Lögð fram drög að skiptingu skrifstofukostnaðar 2004. Gert er ráð fyrir að til viðbótar við fyrri skiptingu, skiptist kostnaður vegna aksturs framkvæmdastjóra á milli Sorpstöðvar og SASS. Drögin samþykkt. Gert er ráð fyrir 3% meðalhækkun kostnaðarliða á milli ára.

3. Fundargerð stjórnar Kjötmjöls ehf. frá 28. okt. sl.

Til kynningar.

4. Hjólbarðar – Úrvinnslusjóður.

Á Sorpstöðin að sækja um að verða “ráðstöfunaraðili” á hjólbörðum ?

Guðmundur Tryggvi gerði grein fyrir málinu.

Stjórnin tók jákvætt í málið og fól starfsmönnum að leggja fram frekari gögn á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 12:00

Einar Njálsson

Þorvarður Hjaltason

Ágúst Ingi Ólafsson

Guðmundur Tryggvi Ólafsson

Ólafur Ragnarsson

